

Niels Hermansen
fra
Førtidssalen.

1928 1951

VÖTTURINN FRÁ ARNHEIÐAR- STÖÐUM

Eftir Margrethe Hald, Kaupmannahöfn.

Árið 1889 var verið að grafa tóft fyrir nýju húsi á Arnheiðarstöðum á Fljótsdalshéraði, og fannst þá djúpt í jörðu mórauður hanzki eða vöttur úr ullarbandi. (Pjms. 3405). Hús hafði verið þarna áður. Jafnframt fannst þarna *hringprjónn* úr bronsi, sýnilega frá fornöld. (Pjms. 3406). Hve náið samband var milli þessara gripa, sést ekki af fundarskýrslunni, og því er varhugavert að tímasetja vöttinn skil-yrðislaust eftir prjóninum, en þó gefur hann væntanlega bindingu um aldur vattarins. Pálma Pálssyni var ljóst 1895, að vötturinn er ekki prjónaður, og hann hallaðist að þeirri skoðun, að hann gæti verið frá 10. öld,¹⁾ enda er í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu, eins og hér verður sýnt, þó að endanlega sönnun vanti.

Pjóðminjasafnið í Reykjavík sýndi mér þá vinsemد 1949 að lána mér vöttinn til greiningar og ljósmyndunar (1. mynd). Hann er 26 sm að lengd, en víddin þar sem þrengst er um úlnliðinn um 22 sm, þumallinn um 10 sm að lengd. Bandið er fremur stórgert, spunnið að sér, en tvinnað frá sér, og er tvenns konar, mismunandi dökkt.

Það hefur komið í ljós, að vinnan á þessum vetti er eins konar saumur, sem nefna mætti *vattarsaum* eða *nálbragð* (nålebinding). Áhaldið er nál, sem getur verið sívol og löng og mjó, eins og stoppnál í tvöfaldri staerð, en oftast er notuð flöt nál, um 10 sm að lengd og um 1 sm að breidd uppi við augað. Hún getur verið úrtré, málmi eða horni, en bein virðist hafa þótt ákjósanlegasta efnið. Verkinu miðar áfram í lykkjum eftir sömu meginreglu og við hekl og prjón; en lengra ná ekki heldur líkindi þessara aðferða. Í hekli og prjóni myndar

1) Pálmi Pálsson: Tveir hanzkar, Árbók 1895, bls. 34—35; sjá ennfr. um Arnheiðarstaðavöttinn Margarethe Lehmann-Filhés: Zwei isländische Handschuhe, Aus den Verhandlungen der Berliner anthropologischen Gesellschaft 21./1. 1896, Maria Collin: Sydda vantart, Fataburen 1917, bls. 71.

þráðurinn lykkjur, sem hægt er að draga úr, svo að allt verkið rakni upp. En í vattarsaumi gengur þráðurinn gegnum þær lykkjur, sem fyrir eru, og er næsta torvelt að draga hann úr aftur. Ef vinnan á ekki að verða úr hófi fyrirhafnarsöm, verður því að notast við




1. mynd. — Vötturinn frá Arnheiðarstöðum.
The glove from Arnheiðarstaðir.

nálþræði af takmarkaðri lengd í hvert skipti og hnýta við nýjum þræði við og við.

Á 2. mynd er sýnd greining vinnunnar á Arnheiðarstaðavettinum, en hann er unninn með einu hinu einfaldasta afbrigði, sem til er af þessari aðferð. Vötturinn er úthverfur, svo að það er ranghverfan, sem sést. Á 3. mynd er sýnd ein umferð af nálsporum og á 4. mynd, hversu önnur umferð er tengd við þá fyrstu. En það mundi verða ærið rúmfrekt að lýsa aðferðinni, þótt ekki væri út í æsar, og leyfi ég mér að vísa til bókar minnar „Olddanske Tekstiler“, sem nú er komin út, ef einhver hefði áhuga á að kynnast þessu nánar.

Nálbragð er vafalaust ævaform aðferð. Elzta dæmi hennar, sem ég þekki, er á vetti, sem fannst í Ásle-mýrinni í Svíþjóð. Honum hefur Elisabeth Strömberg lýst og telur hann frá tímabilinu um Krists fæðingu,¹ og það er merkilegt, að hann er gerður með þeirri flókn-



2. mynd. — Greining vinnunnar. — Analysis of the technique.


ustu vattarsaumsaðferð, sem ég hef enn rekist á. Annar sænskur vöttur, fundinn í Lundi í jarðlagi, sem talið er frá miðöldum,² er gerður með sömu aðferð og Arnheiðarstaðavötturinn, svo að fræðilega er ekkert því til fyrirstöðu, að hann sé frá landnámsöld. Það væri ákaflega mikils virði að fá vitneskju um, hvort hinn gamli vattarsaumur er með öllu undir lok liðinn á Íslandi, hvort einhvers staðar

1) Holger Arbman och Elisabeth Strömberg: Åslevanten. Fataburen 1934, bls. 67.

2) Margrethe Hald: Lundavanten. Kulturen. En Årsbok 1945, bls. 80.

í afskekktu héraði kynni að vera til gömul kona, sem kann hann eða hefur heyrt hans getið.¹

Um útbreiðslu nálbragðsins er annars það að segja, að aðferð þessi þekktist í Perú, Egyptalandi, Persiu og Norður-Evrópu, og sama greining er jafnvel kunn úr körfugerð á Kyrrahafseyjum.



3. mynd. — Ein umferð af lykkjum. — A row of stitches.

4. mynd. — Sýnt hversu ein umferð tengist annarri.

The manner of joining the rows.

1) Eflaust er óhætt að fullyrða, að svo muni ekki vera, og engar heimildir aðrar en vöttur þessi eru til um þessa aðferð hér á landi. Líklegt má þykja, að vettir sem þessi hafi í fyrrdinni verið kallaðir *bandvettir* eða *bandvettlingar* (sbr. nöfn hesta, *Bandvettir*, í Gísla sögu, Ísl. fornrit VI, bls. 39), vettir úr *bandi* til aðgreiningar frá vöttum úr ofnum dúk, sbr. Árbók 1895, bls. 34—35.

Ritstj.

SUMMARY

An Old Icelandic Glove.

In 1889 a woollen glove was found buried deep under the farm houses at Arnheiðarstaðir in East Iceland. Close by the glove was found a ring-headed bronze pin of Viking Age type, which suggests that the glove most likely is from that time. The author of this article states that the technique employed in making the glove is the one which in Danish is called *vantesøm* or *nålebinding*, well known from former times, a sort of sewing, clearly shown in figs. 2—4. The oldest example of this technique known to the author is a Swedish glove from the time of the birth of Christ, but the technique is also well known in many other parts of the world. Finally the author asks whether this old technique is definitely extinct in Iceland.

(So it certainly is, as stated in a footnote by the editor of this issue).